



Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

Pórunnarstræti 138, 600 Akureyri, kt: 670814-0410. Sími: 444-2800.

Greinargerð í máli nr. R-32/2022.

Krafa:

Kröfur lögreglustjórans á Norðurlandi eystra vegna kröfugerðar Gunnars Inga Jóhannssonar lögmans fyrir hönd Aðalsteins Kjartanssonar eru þær aðallega að Héraðsdómur Norðurlands eystra vísi kröfu sóknaraðila frá dómi en að öðrum kosti verði viðurkennt í væntanlegum úrskurði dómsins að Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra sé rétt og skylt að halda áfram rannsókn þessa máls, m.a. með skýrslutöku af sóknaraðila.

Lagarök vegna frávísunarkröfunnar:

1. Samkvæmt 1. mgr. 52. gr. sakamálalaga nr. 88/2008, er rannsókn sakamála í höndum lögreglu, undir stjórn héraðssaksóknara eða lögreglustjóra, nema öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum. Samkvæmt 2. mgr. 52. gr. sömu lagagreinar skal lögregla hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið. Samkvæmt 3. mgr. greinarinnar skal beina kærnum eða beiðni um rannsókn um refsivert brot til lögreglu eða ákæranda. Dómurum er hvergi í sakamálalögnum eða öðrum lögum í landinu fengið það hlutverk að meta hvaða mál á að rannsaka eða hvaða mál á ekki að rannsaka, enda hefur verið horfið frá rannsóknarréttarfari á Íslandi. Það er hlutverk lögreglu og ákærvalds að rannsaka grun um refsivert atferli og færa sönnur á sekt eða sakleysi sakborninga. Stjórnarskrá og grunngildi íslensk samfélags kveða á um að allir þegar landsins standa jafnir fyrir lögum og það leiðir til þess að engu máli skiptir hver kærir mál til lögreglu. Engu máli skiptir hvort kærendur eru taldir öðrum þóknanlegir eða ekki.
2. Samkvæmt 53. gr. sml. er markmið rannsóknar að afla allra hugsanlegra gagna til að ákæranda sé fært að að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferðar fyrir dómi. Vinna skal að því að hið rétta komi í ljós og gæta skal að atriðum sem horfa bæði til sektar eða sýknu. Hlutverk dómara er að meta á síðari stigum þegar ákærvaldið hefur fært málið fyrir dóm með ákæru hvort sönnunargögnin séu nægileg til sakfellingar.
3. Samkvæmt 58. gr. sml. er það lögreglan sem tekur skýrslur af sakborningi eða vitnum meðan mál eru til rannsóknar. Hvergi í sakamálalögnum eða öðrum lögum er dómstólum falið það hlutverk að meta hvaða skýrslur lögreglan tekur af sakborningum eða vitnum eða hverjir eru sakborningar eða hverjir eru vitni, það er að segja meðan á lögreglurannsókn stendur. Ákvæði 1. mgr. 59. gr. sml. geymir undantekningar á því að lögregla annast skýrslurtökur af vitnum/sakborningum. Í tilteknum tilvikum annast dómstólar skýrslutökur sbr. a til c liðar nefndrar lagagreinar. Í öllum tilvikum gera lögin ráð fyrir að það sé lögreglan sem tekur ákvörðun um hvaða vitni/sakborningur er yfirheyrður fyrir dómi.



Lögreglustjórnin á Norðurlandi eystra

Dórunnarstræti 138, 600 Akureyri, kt. 670814-0410. Sími:444-2800.

4. Samkvæmt 61. gr. sml. skal lögregla kveðja sakborning til skýrslutöku, hafi hann ekki verið handtekinn, og er sakborningi skylt að verða við þeirri kvaðningu. Sakborningur er sá maður sem borinn er sökum eða grunaður um refsiverða háttsemi, skv. 27. gr. sml.
5. Samkvæmt 2. mgr. 102. gr. sml. má leggja fyrir héraðsdóm ágreining um lögmæti rannsóknarathafna lögreglu eða ákæranda. Enn fremur ágreining um réttindi sakbornings, verjanda hans eða lögmanns osfrv. Það er vafasamt að telja að það að boða aðila til skýrslutöku sé rannsóknarathöfn sem falli undir tilvísaða grein sérstaklega þegar það er haft í huga að dómstólar hafa ekkert lagalegt hlutverk í að meta hverjir eru boðaðir til skýrslutöku hjá lögreglu. Sérstaklega er fjallað um 102. gr. í greinargerð frumvarps um sakamálaölg. Þar segir að í 2. mgr. sé að finna almenna heimild til að bera undir dóm ágreiningsatriði sem ekki eru sérstök fyrirmæli um í lögnum, t.d. varðandi ýmis réttindi sakborninga sem um ræðir í IV. kafla frumvarpsins. Það eru skýr ákvæði í sakamálaölgnum um að það er lögreglan sem tekur ákvörðun um að hefja rannsókn og að hverjum rannsóknin beinist. Vegna þessa er gerð sú krafa að kröfugerð Gunnars Inga Jóhannssonar lögmanns fyrir hönd Aðalsteins Kjartanssonar verði vísað frá dómi. Umfjöllun í kröfu sóknaraðila um að boðun fjölmiðlamanna til skýrslutöku sem sakborningar fyrir meint refsivert atferli sé brot á tjáningafrelsi er hafnað með öllu.

Sakarefnið, málavextir og lagarök:

1. Í þessu máli er engin þörf á að fjalla um heimild fjölmiðlamanna til að vernda heimildarmenn sína. Lögreglan veit hver heimildarmaðurinn er. Heimildarmaðurinn er X.
2. Atferli sem lýst er refsivert í 228. gr. og 229. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hefur að mestu verið refsivert afbrot á Íslandi síðan hegningarlögin voru sett 1940, ef ekki lengur. Það sem er helst nýtt við refsíákvæðið er að eftir 17. febrúar 2021, sætir svona atferli ákæru. Fyrir þann tíma var atferli þetta refsivert en brotþoli varð sjálfur að höfða svokallað einkarefsimál. Hvorki 228. gr. eða 229. gr. alm hgl., veita fjölmiðlamönnum sérstaka lagaheimild eða frítt ákvörðunarvald um hvernig og með hvaða hætti þeir afla gagna fyrir fréttáflutning sinn.
3. Rannsókn á þessu máli hófst 14. maí s.l. með kæru brotþola Páls Steingrímssonar. Þau sakarefni sem er verið að rannsaka er líkamsárás (byrlun) og friðhelgisbrot. Rannsóknin snýst einnig um meint kynferðisbrot (dreifing á kynferðislegu myndefni).
4. Brotþoli veiktist alvarlega að kvöldi 3. maí s.l. Hann var fluttur meðvitundarlaus á bráðamóttöku Sjúkrahússins á Akureyri og síðan þaðan með sjúkraflugi til Reykjavíkur 4. maí s.l. og var meðvitundarlaus til 6. maí s.l. Brotþoli kvað að á þeim tíma hafi margsinnis verið reynt að fara inn á aðganga hans á internetinu, meðal annars facebook, messenger, google og inn á heimabanka hans.



Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

Þórunnarstræti 138, 600 Akureyri, kt: 670814-0410. Sími: 444-2800.

5. Brotapoli gaf aftur skýrslur 20. maí og 21. maí. Í seinni skýrslutökunni kærði hann X fyrir að hafa eitrað fyrir sér og tekið símann sinn og afhent hann fjölmiðlamönnum.
6. Í þessum skýrslum segir brotapoli hafa fengið sér tvo bjóra. Honum hafi fundist bjórnir eitthvað skrítnir á bragðið en drukkið þá samt. Hann hafi sofnað en vaknað um nóttina og liðið mjög undarlega og kallað á X en ekki fundið hann. Hann hafi þá staulast til nágranna síns sem hringdi á sjúkrahól. Hann hafi verið lagður inn á Sjúkrahúsið á Akureyri, fluttur til Reykjavíkur í sjúkraflugi og legið á nýmadeild Landsspítala í viku, þar sem hann var meðvitundarlaus til 6. maí. Brotapoli kvað í skýrslu sinni að honum hafi fundist bjórnir sem hann drakk mjög beiskir á bragðið og minnt hann á svefnlyfið Imovane. Brotapoli heldur því fram í skýrslunni að eitrað hafi verið fyrir honum til þess að komast yfir gögn í síma hans.
7. Þann tíma sem brotapoli var meðvitundarlaus og á meðan hann lá á sjúkrahúsinu var X eða einhver annar með síma brotapola. Að hans sögn afhenti X honum símann við útskrift af sjúkrahúsi 11. maí s.l. Brotapoli kvaðst hafa haldið að sími hans hefði orðið eftir á Akureyri þegar hann var fluttur suður. Hafa ber í huga að í síma einstaklinga í dag er allt líf þeirra skráð. Þar er að finna mikið af upplýsingum um einkalíf þeirra, einkasamtöl við fjölskyldu, vini og kunningja og jafnvel lækna, sálfræðinga, lögfræðinga ofl. Þar er að finna ljósmyndir og myndskleið, jafnvel sjúkrapplýsingar og aðrar viðkvæmar persónuupplýsingar. Margir eru með dagbók og allt skipulag í símanum sínum og sum smáforrit sem menn hafa í sínum sínum eru með staðsetningarbúnað þannig að hægt er að sjá hvar viðkomandi hefur verið eða hvar síminn hefur verið á hverjum tíma. Tölvupóstur er í símanum, netbanki, saga leitar á ólíkum leitarvélum og síðast en ekki síst er hægt að nota rafræn skilríki einstaklinga hafi menn aðgang að síma þeirra og lykilorði. Þannig má segja að hægt sé að kortleggja líf manneskju út frá gögnum í síma viðkomandi.
8. X var yfirheyrður 5. október s.l. Í þeirri skýrslutöku viðurkennir X að hafa óskað eftir að fá að skoða síma brotapola og þegar hann neitaði því kveðst X hafa snöggreiðst og farið fram og náð í svefnlyf sem hann vissi ekki hvaða tegund var og sett út í drykk brotapola. Þegar þarna var komið í yfirheyrslunni greip verjandinn inn í og truflaði yfirheyrsluna með þeim afleiðingum að X tjáði sig ekki frekar.
9. X viðurkennir að hafa verið með síma brotapola meðan hann lá á sjúkrahúsinu. Þá viðurkennir X að þetta hafi verið hræðilegur tími og hann hafi óttast um líf brotapola.
10. X viðurkennir að hafa skoðað innihald síma brotapola og hafa ekki fengið heimild brotapola til að gera slíkt. Hann viðurkennir líka að hafa afhent fjölmiðlamönnum símann daginn eftir að flogið var með brotapola í sjúkraflugi til Reykjavíkur. X neitaði að gefa upp hvaða fjölmiðlamönnum hann hafi afhent símann.
11. X segir að í síma brotapola hafi verið mikið af myndböndum sem hann telji að séu af brotapola í kynlífsathöfnum. Lögregla hefur staðfest að myndbönd af kynferðislegum toga hafi verið í síma brotapola og að afrit slíkra myndbanda hafi verið sent úr símanum. Brotapoli hefur staðfest við lögreglu að í síma hans hafi verið myndbönd af honum í kynlífsathöfnum.



Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

Pórunnarstræti 138, 600 Akureyri, kt. 670814-0410. Sími:444-2800.

12. Önnur skýrsla var tekin af X, 5. janúar s.l. Þar kemur fram að X hafi ekki átt frekari samskipti við þann fjölmiðlamann sem hann afhenti símann. Heldur hafi hann í framhaldinu átt samskipti við annan fjölmiðlamann. Í báðum skýrslum X kemur fram að X afhenti ekki gögn úr símanum, heldur afhenti hann símann með öllu því sem í honum var. X kvaðst hafa gefið það upp hver væri eigandi símans þegar hann afhenti fjölmiðlum símann. Þetta var daginn eftir að flogið var með brotþola í sjúkraflugi til Reykjavíkur og hann var meðvitundarlaus.
13. Þar sem X afhenti ekki gögn úr símanum heldur símann sjálfan liggur fyrir að fjölmiðlar sem tóku við símanum afrituðu hann. Ekki er ljóst hvort síminn var afritaður að hluta eða að öllu leyti en ljóst er að þeir sem afrituðu símann hafa þurft að skoða allt sem í símanum var þó þeir hafi bara afritað hann að hluta. Það er ljóst að gögnum úr þessum afritaða síma var dreift á milli fjölmiðlamanna, þ.á.m. hugsanlega kynlífsmyndböndunum.
14. Brotþoli segist hafa talaði við X sem kvaðst hafa farið til Reykjavíkur þann 23. júní s.l. til að biðja þá hjá RÚV að hætta að birta gögn úr síma brotþola. Brotþoli hitti X, 24. júní og þá hafi X sagt honum að sér hafi verið hent út af RÚV af sama starfsmanni sem tók við símanum. X hafi ekki sagt hver starfsmaðurinn hafi verið en vísaði til starfsmannsins sem „hennar“. Að sögn brotþola var X hágrátandi þegar hann sagði honum frá þessu.
15. Lögreglan er með töluvert af símasamskiptum, tölvupóstum og annars konar samskiptum X við ákveðna fjölmiðlamenn. Í símasamskiptum þessum kemur fram að fjölmiðlamaður er með í förum sínum síma í eigu X. X biður fjölmiðlamanninn um að hitta sig ofl. T.d. er tölvupóstur sem X ræðir við fjölmiðlamanninn um minnislykil, eignarhald og aðgangsorð.
16. Í gögnum málsins er tölvupóstur frá X, m.a. til Aðalsteins Kjartanssonar þar sem hann ræðir væntanlega skýrslutöku hjá lögreglu og fleira. Meðal annars er í gögnum málsins tölvupóstur m.a. til Aðalsteins og fleiri aðila sem fjallar um klámmyndir og klámmyndbönd í síma xxx-xxxx, sem er sími brotþola.
17. Blaðamönnum er umhugað um vernd heimildamanna sinna. Á móti bendir ákærvaldið á að fjölmiðlar eru að hagnýta sér viðkvæma stöðu heimildarmannsins. X kemur til þeirra á sennilega erfiðasta tímabili lífs síns, væntanlega mjög viðkvæmur og hugsanlega í hefndarhug. Í stað þess að staldra aðeins við og veita X stuðning og hjálp, virðast fjölmiðlar fara strax í að nýta sér augljós brot hans sér í hag, bæði faglega og fjárhagslega. Þeir huga ekki að því að þarna er einstaklingur í viðkvæmri stöðu og sýna af sér algjört skeytingarleysi um hans líðan og líf.

Skrifstofu lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, 23. febrúar 2022.

Eyþór Þorbergsson, staðgengill lögreglustjóra/aðstoðarsaksóknari.